

Sp.

625. Þingsályktun

[148. mál]

um kosningu millipinganevndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

(Afgreidd frá Sp. 20. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna millipinganevnd til að gera tillögur um eflingu núverandi atvinnuvega og nýjar atvinnugreinar til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hagnýtingu náttúruauðæfa landsins. Nefndinni er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna úr gögnum, sem fyrir hendi eru, og til vísindalegra rannsókna, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna. Skulu rannsóknarstofnanir, sem starfa á vegum ríkisins, veita nefndinni aðstoð eftir þörfum. Enn fremur skulu aðrar opinberar stofnanir og embættismenn greiða svo sem verða má fyrir störfum hennar. Nefndin skal gera tillögur um framkvæmdir og rekstrarform, gera grein fyrir þjóðhagslegri þýðingu framkvæmdanna og fjárþörf og benda á leiðir til fjáröflunar. Þá skal nefndin gera tillögur um, hvernig best verða til frambúðar skipulögð og samræmd starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauði landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum. Skal nefndin endurskoða gildandi lagaákvæði um þessar stofnanir.

Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.